

Félagið Alnæmisbörn

Stjórnarfundur fimmtudaginn 7. janúar 2010

Mættir: Ásdís Ólafsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð, Lárus Valgarðsson og Ragna Karlsdóttir. Sigurlaug Hauksdóttir og Sigríður Baldursdóttir voru erlendis.

Petta gerðist helst

1. **Fjárhagsstaða.** Ásdís, gjaldkeri, sagði að innistæða á rekstrarreikningi Alnæmisbarna hefði verið 700.851 kr. um síðustu áramót. Ingibjörg yfirfer fyrri útreikninga sína og breyttir í samræmi við stöðuna.
2. **Styrkur.** Ragna sagði að ÍSOR hefði gefið vilyrði fyrir 200.000 kr. styrk til Alnæmisbarna árið 2010
3. **Skólastyrkir.** Ingibjörg lagði fram yfirlit yfir væntanlega skólastyrki árin 2010 og 2011, sem framkvæmdastóri CLF hefur yfirfarið. Ingibjörg kanni hvernig staðið er að umssýslu með styrkjunum fyrir hönd CLF.
4. **Endurskoðun reikninga CLF.** Spurning hvort að Alnæmisbörn eigi að greiða fyrir endurskoðun ársreikninga CLF. Hildur mun ræða við einn stjórnarmann CLF um það.
5. **Bréf til félagsmanna Alnæmisbarna.** Ingibjörg lagði fram drög að bréfi til félagsmanna þar sem þeim er m.a. gerð grein fyrir stöðu fjármála félagsins og bent á að félagsgjöld eru nú 3.000 kr. skv. ákvörðun aðalfundar 2009. Athugasemdir voru gerðar við bréfið og því breytt í samræmi við það.
6. **Aðalfundur.** Ragna kannar hvort að hægt sé að halda aðalfund Alnæmisbarna í húsakynnum ÍSOR þ. 18. mars. n.k. kl. 16:30. Aðalfund félagsins skal halda í mars ár hvert og boða til hans með minnst sjö daga fyrirvara skv. lögum þess.
7. **Fjáröflun.** Alnæmisbörn munu standa fyrir kökusölu í Kringlunni laugardaginn 20. mars n.k. Hildur hefur umsjón með kökusölnunni og að útbúin verði gul kerti til þess að selja um leið og kökurnar. Ragna mun sjá um að gert verði plakat vegna kökusölu. Stefnt er að því að vera með sölu á notuðum barnafötum í Kolaportinu haustið 2010.
8. **Stjórnarfundur.** Stefnt er að því að halda næsta stjórnarfund þ. 18. febrúar kl. 16:00 á Kaffitári í Borgartúni. Þar sem fimmtudagar eru ekki hentugur tími fyrir alla var rætt um að flytja fundina yfir á miðvikudaga. Hildur kannar hvort að sá dagur gangi fyrir hana.

Fundi slitið kl. 17:00